



Borgarráð

### *Tillaga um kaup á skólavörum af Múlalundi*

Lagt er til að magn kaupa á plastmöppum til nota í grunnskólum Reykjavíkurborgar verði lækkað um 15.000 stykki í komandi útboði um kaup á ritföngum fyrir skóla- og frístundasvið. Það magn af plastmöppum verði þessi í stað keyptar af Múlalundi, vinnustofu SÍBS, þar sem vilji til slíkra kaupa hefur komið fram. Kostnaður við kaup á 15.000 stykkjum hjá Múlalundi yrði skv. fyrirliðgjandi verðtilboði 4.477.500 mkr. (15.000 x 298,5 kr.).

### *Greinargerð*

Skóla- og frístundasvið hefur keypt 40-45.000 stk. af plastmöppum í námsgagnaútboði undanfarin ár. Vilji er til þess að einnig verði keyptar plastmöppur af Múlalundi, vinnustofu SÍBS.

Múlalundur býður plastmöppur með glærri forsíðu í mismunandi litum. Slíkar plastmöppur hafa verið hluti af námsgagnaútboði síðustu ár þar sem hagstæðasta verðið hefur orðið fyrir valinu en einnig hefur verið tekið tillit til gæða. Einingarverð hvernar möppu í síðasta útboði var 24,8 kr. stykkið en Penninn bauð hagstæðasta verðið á þeim tíma. Múlalundur hefur boðið sömu vöru með afslætti á 298,5 kr. með virðisaukaskatti. Ef vilji er til að ganga til viðskipta við Múlalund er lagt til að keypt yrðu 15.000 stykki af möppum og er heildarverð þá 4.477.500 mkr. (15.000 x 298,5 kr.). Verður útboðsmagn þá lækkað á móti um 15.000 stykki í komandi útboði sem hafinn er undirbúningur að en þarfagreiningarskjal hefur þegar verið sent til grunnskólanna. Heildarmagn tölur ættu að liggja fyrir í janúar nk. og yrði útboðið sent út fljótlega í framhaldinu.

Dagur B. Eggertsson